

6. gr.

Þar sem ekki er annars getið í reglugerð þessari eru launatölur miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 106.18.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 13/1975 og hefur sama gildistíma og lögín.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

Forsætisráðuneytið, 27. maí 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

REGLUGERÐ**um ákvörðun og innheimtu sérstaks verðálags á búvöru.****1. gr.**

Við verðlagningu búvöru frá 1. desember 1974, samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga nr. 101/1966, skal hækka verð á mjólk, kindakjöti, nautakjöti og kartöflum sem því svarar, að launaliður verðlagsgrundvallar búvöru hækki um 5.5%. Hækkun þessi miðast við launalið verðlagsgrundvallar eins og hann varð við haustverðlagningu 1974, og hún skal baldast til 31. maí 1975, og þar til annað verður ákveðið.

Verðhækkun sú, er um ræðir í fyrri málsgr., er ákveðin til þess að standa straum af greiðslu launajöfnunarbóta til tekjulágra bænda, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga verðlagsmál o. fl.

2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðálag það, er um ræðir í 1. gr., að höfðu samráði við Sexmannanefnd.

3. gr.

Verðálag það, er um ræðir í 1. gr., kemur fram í hækkuðu heilsöluverði og útsöluverði á mjólk og mjólkurvörum, kindakjöti, nautgripakjöti og kartöflum, eftir gildandi starfsreglum Sexmannanefndar, sbr. og II. kafla laga nr. 101/1966.

Verðhækkun þessi skal ekki hafa áhrif á ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar á umræddum vörum, né á krónuupphæð smásöluálagningar.

4. gr.

Aðilar, sem dreifa umræddum vörum í heildsölu, skulu greiða andvirði verðálagsins jafnóðum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, eftir nánari ákvörðun þess. Þessir aðilar eru og skyldir til að láta í té söluskýrslur og hvers konar aðrar upplýsingar, sem með þarf í þessu sambandi að dómi Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráði er heimilt að draga gjaldfallið verðálag frá niðurgreiðslufé, sem sama söluaðila ber, og það jafnt þótt verðálag sé vegna búvöru, sem ekki er greidd niður af ríkissjóði.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aðila, sem framleiða mjólk og selja hana beint til neytenda.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir reikningsskil um tekjur af verðálagi samkvæmt 1. gr. og um ráðstöfun þeirra. Reikningsskil þessi skulu endurskoðuð af endurskoðendum Framleiðsluráðs.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl., og hún öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. maí 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með botn- og flotvörpu umhverfis Kolbeinsey.

1. gr.

Frá og með 28. maí 1975 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi innan markalínu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá Kolbeinsey (67°08'8 n.br., og 18°40'6 v.lg.).

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkv. ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jón L. Arnalds.